



Rangárbíng eystra
Hlíðarvegi 16, 860 Hvolvöllur

Fundargerð

38. fundur fræðslunefndar Rangárbíngs eystra verður haldinn þriðjudaginn 8. maí 2018 í Hvolsskóla,

Fundur hófst kl 16:00. Mættir: Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, leikskólastjóri, Birna Sigurðardóttir, skólastjóri, Christiane L. Bahner, Pálína Jónsdóttir, Gréta Helgadóttir, Daníel Reynisson, Unnur Óskarsdóttir, Heiða Björg Scheving, Esther Sigurpálsdóttir og Lilja Einarsdóttir sem stjórnaði fundi og Benedikt Benediktsson ritaði fundargerð. bls 38-39.

Dagskrá:

- 1) Skóladagatal leikskólans Arkar 2018-2019
Sólbjört fór yfir skóladag leikskólans. Fræðslunefnd samþykkir dagatalið og að lokað verði tvo daga milli jóla og nýjárs til reynslu í staðinn verður ekki lokað 2.janúar. Skólastjóri kynnir til starfsmanna og foreldra þessa samþykkt.
- 2) Málefni leikskólans Arkar
Sólbjört fór yfir málefni leikskólans. Góð starfsánægja í starfsmannahópnum og vel mannaður skóli. Foreldrakönnun nýbúin og er verið að vinna úr niðurstöðum. Auka á sérkennslu með viðbótar starfsmanni. Elsti árgangur fer í húsnæði Hvolsskóla eftir sumarfrí og hefur aðlögun sína fyrir skólaárið
- 3) Skóladagatal Hvolsskóla 2018-2019
Birna fór fyrir skóladagatal Hvolsskóla. Búið að gera könnun meðal starfsmanna og foreldra um 170 eða 180 daga. Tæp 80% fylgjandi 170 daga skólaári. Búið að samræma skóladagatöl leikskólans og skólans eins og hægt er. Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið.
- 4) Breyting á skóladagatali 2017-2018 – skólaslit
Færa skólaslit til 25.maí frá 26.maí. Fræðslunefnd samþykkir breytinguna.
- 5) Málefni Hvolsskóla

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like SSG and ES.

Stefnir í góða mönnun í haust í Hvolsskóla. Margir í kennaranámi í sveitafélaginu. Grænfána verkefnið, moltugerð komin í gott horf. Moltan er komin í notkun í beðin í kringum skólann.

- 6) Úthlutun úr endurmenntunarsjóði grunnskóla
Fræðslunefnd lýsir ánægju sinn með þá styrki sem Hvolsskóli og skólalþjónustan fengu og óskar þeim til hamingju.

Hvolsskóli fékk úthlutun fyrir námskeiðunum, Framhaldsnámskeið Vöndu Sigurgeirsdóttir, Aferðir til að fyrirbyggja einelti og byggja upp góðan bekkjaranda og námskeiðið Samvinna og smvinnunám.

Skólalþjónustan sótti um styrki til að halda námskeið á næsta skólaári og fékk vegna eftirfarandi:

- Lestur og lesskilningsþjálfun.
- I-pad vinnustofa fyrir grunnskólakennara.
- Leiðir til að skapa góðan anda og samstöðu í bekk.
- Hagnýtar leiðir til að byggja upp gott og virkt foreldrasamstarf.
- Kennsla barna með annað móðurmál en íslensku/smiðja í orðaforða.
- Geðheilbrigði barna og unglunga.
- Leikur að læra, að kenna í gegnum hreyfingu í leik og starfi.

7) Önnur mál

Formaður þakkar nefndarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:26⁵⁶

Lilja Einarsdóttir
Esther Sigurpalsd.
Björn Jón
Pálmi Þorvaldur Jónsson
Christina d. D.
Hilma Björg Schuing.
Yvonne Þókarfóttir
Berelk Berelk
Gvör Huldadóttir

Sólbjört Sigr. Gestsd.
Daniel Gunnarsson